

AUGLÝSING

136

9. okt.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellissands, nr. 2 2. jan. 1953, og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð, nr. 50 30. marz 1955.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt, kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða, sem hér segir:

- a. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- b. Af tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- c. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.
- d. Af hverjum vörubíl kr. 75.00.
- e. Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá smálestin kosta 80 aura. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað, þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.
- f. Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts húsa og vatnsskatts samkv. a-, b-, c-, d- og f-lið 10. gr. er 1. júlí ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Eigendur vörubíla bera ábyrgð á vatnsskatti þeirra og eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af stöð hans sé greiddur. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.